

Lífsleikni 9. – 10.bekkur

Kennari: Victoria Reinholdsdóttir

Kennslustundir: Ein kennslustund á viku í samkenndu í gegnum þemavinnu í Kötlumíxi.

Námsefni: Að sætta sjónarmið, leiðarvísir um uppbyggingu sjálfsaga, mannslíkaminn, mismunandi forvarnarefni af netinu, ráðleggingar um mataræði, næring og lífshættir, fávítar, skref fyrir skref (námsefni í félags- og tilfinningafræðni).

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- gert sér grein fyrir styrleika sína og öðlast skýra sjálfsmynd.
- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráð til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.
- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalaus og réttsýnan hátt.

- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

Skipulag kennslunnar:

Á stundaskrá er ein kennslustund vikulega afsett fyrir lífsleikni þar sem innlögn af ákveðið efni verður lagt inn jafnframt því að farið verði yfir með nemendur einslega afrakstur, árangur og áform. Að öðru leyti verður efni ofið inn í kennslustundir undir heitinu Kötlumix þar sem lífsleikniskennslan verður samþætt við önnur fög eins og samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni. Stundum er unnið með skriflegum verkefnum samhliða umræðum og þannig unnið úr viðfangsefninu. Stundum er notað sjónvarpsefni eða kvikmyndir sem kveikja að umræðum.

Nemendur vinna ýmis verkefni bæði einslega og í hóp, t.d. er unnið með grunnþarfirnar, bekkjarsáttmála, lífsgildi og óskaveröld í uppeldi til ábyrgðar, en á önnur svið eins og forvörnum er t.d. unnið með upplýsingar af netinu (landlæknir, heilsuvera...) og efni búið til úr því sem nemendur kynna fyrir skólasamfélagið.

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Matstæki kennara eru virkni í umræðum, kaflapróf, mat á vinnubrögð í verklegri vinnu, sjálfsmat nemenda (t.d. „útgöngumiðar“)

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.